

6. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 02.10 2018, kl. 13:30

Mættir allir aðalmenn Anna Jóna Árnemarsdóttir, Jóhann F. Þórhallssonar, Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf og Gunnþórunn Ingólfssdóttir.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Opnuð ný heimasíða Fljótsdalshrepps

2. Skýrsla oddvita

3. Hengifoss

- a) Minnisblað frá fundi 54.09
- b) Drög að verksamningi við Eflu

4. Málefni Héraðsskjalasafna og skjalavarsla sveitarfélaga, gestur *Bára Stefánsdóttir héraðsskjalavörður*

5. Fundarboð:

- a) Aðalfundur samtaka orkusveitarfélaga 10.10 2018
- b) Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 10.10 2018
- c) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 11. -12. 10 2018

6. Bréf

- a) Forseti Íslands dags. 19.09 2018
- b) Orkustofnun dags. 20.09 2018
- c) Íbúðalánasjóður dags. 11.09 2018

7. Umhverfisstyrkir

- a) Eiríkur og Matthildur , Arnheiðarstöðum
- b) Lárus og Sigríður, Droplaugarstöðum

8. Fjárbeiðnir

Skáksamband Austurlands

9. Fundargerðir

- a) CINE-Íslandshluti 24.09 2018
- b) Brunavarnir á Austurlandi 25.09 2018
- c) HAUST 12.09 2018
- d) Starfshópur um endurskoðun fjallskilasamþykktar Múlasýslna 13.09 2018

e) Landbótasjóður 15.08 2018

10. Önnur mál

1. Opnuð ný heimasíða Fljótsdalshrepps

Sveitarstjórn skoðaði nýja heimasíðu hreppsins.

2. Skýrsla oddvita

Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps vegna Kröflulínu 3, tillaga á vinnslustigi hefur verið auglýst, með ábendingafrest til 15. okt. Auglýst er opið hús til kynningar á vinnslutillögunni, í Végarði 8.október.

Skrifað hefur verið undir samning um vinnu við innleiðingu persónuverndarlöggjafar og starf persónuverndarfulltrúa, sameiginlegur samningur Fljótsdalshrepps, Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Persónuverndarfulltrúi er Aron Thorarensen og netfang hans personuvernd@fljotsdalur.is

Félagsráðgjafar minna á að í nýjum lög um félagsþjónustu sveitarfélaga (taka gildi 1. okt) er kveðið á að leita skuli eftir félagsráðgjöfum til að annast félagslega ráðgjöf.

Fyrirtækið Multi Task í Fjarðabyggð vill kanna vilja og ætlan sveitarfélaga á Austurlandi til að setja upp myndavélaeftirlitsbúnað. Ekki eru fyrirætlanir hjá Fljótsdalshreppi þ.a.l.

Forseti Íslands var í heimsókn í Fljótsdalshreppi 13. september, heimsótti Óbyggðasetrið og að lokinni heimsókn þar, var móttaka fyrir íbúa á Skriðuklaustri.

Oddviti sat framhalds ársfund Austurbrúar á Egilsstöðum 25. sept og sama dag fund sem Íbúðalánasjóður boðaði sveitarfélög til og varðaði húsnaðisáætlanir og framtíðarsýn í húsnaðismálum. Varaoddviti mætti á upplýsingarfund í Fellabæ 26. sept um tilnefningu Vatnajökulspjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO. Hvorki oddviti né varaoddviti höfðu tök á að sitja Landsþing sveitarfélaga á Akureyri 26-28. sept.

Oddviti, varaoddviti, Anna Jóna og Jóhann hittu þingmenn á Egilsstöðum 1. okt. Rætt var um sauðfjárbændur og möguleika á að auka virði afurða, regluverk í kring um heimagistingu, bújarðir, höfuðstöðvar væntanlegrar Þjóðgarðsstofnunar, kolefnisgjald, fyrirtæki í Fljótsdal, o.fl.

Fljótsdalshreppur tilnefndi til SSA tvö verkefni/fyrirtæki Óbyggðasetrið og Skógarafurðir, í umsóknarferil um framlög vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða. Framlög tengjast nýrri byggðáætlun og voru auglýst af Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneyti, en sækja þarf um framlög í gegn um landshlutasamtök og með tilnefningu frá sveitarfélögum.

Skoðunarskýrslur fyrir árið 2018 brunaviðvörðunarkerfa gistihúsa og Végarðs eru án athugasemda.

Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið hefur tekið saman yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga.

Undirbúningur að opnun nýrrar heimasíðu Fljótsdalshrepps hefur staðið yfir að undanfögnu, en boðað hefur verið að vefþjóni sem gamla síðan hvílir verði lokað um mánaðarmót sept/okt, þá á ný heimasíða sem fyrirtækið PEZ á Egilsstöðum hefur hannað að vera tilbúin. Síðan verður einnig hýst hjá PES þ. E. a.s aðila sem fyrirtækið á í samstarfi við á Egilsstöðum..

3. Hengifoss

a) Minnisblað frá fundi 24.09.2018

Kynnt fundargerð frá starfshóp um byggingu aðstöðurýmis við Hengifoss. Álit þeirra er að nauðsynlegt sé að stækka afgreiðslu-/sýningarrými verðlaunatillögunar. Sveitarstjórn tekur undir viðhorf starfshópsins um nauðsyn þess að stækka rýmið. Ábending kom frá Jóhanni um að leitað verði til fagaðila við hönnun á afgreiðslu-/sýningarrými svo að það nýtist sem best.

b) Drög að verksamningi við Eflu

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og oddvita falið að skrifa undir.

4. Málefni Héraðsskjalasafna og skjalavarsla sveitarfélaga, gestur Bára Stefánsdóttir héraðsskjalavörður mætti kl. 15:00

Bára fór yfir almennar reglur um skjalavörslu og skjalasöfn. Héraðsskjalasafnið tekur við gögnum 30 ára og eldri frá aðildarsveitarfélögum. Bára sagði einnig frá því að það vantar fundargerðir frá hreppsnefnd Fljótsdalshrepps fyrir árin 1962-1973 ásamt fleiri skilaskyldum gögnum. Sveitarstjórn óskar eftir upplýsingum frá íbúum ef einhverjir geta aðstoðað við að finna þessi gögn.

Bára yfirlag fundinn kl. 15:45

5. Fundarboð:

a) Aðalfundur samtaka orkusveitarfélaga 10.10 2018

Aðalfundurinn verður haldinn miðvikudaginn 10 október nk. Klukkan 15:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2. Kynnt.

b) Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 10.10 2018

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður haldin miðvikudaginn 10 október nk. Klukkan 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica. Kynnt.

c) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 11. -12. 10 2018

Ráðstefnan verður haldin fimmtudaginn 11 og föstudaginn 12 október á Hilton Reykjavík Nordica. Kynnt.

Oddviti gerir ráð fyrir að sitja fundina og ráðstefnuna.

6. Bréf

a) Forseti Íslands dags. 19.09 2018.

Þakkarbréf frá forseta Íslands en hann kom í heimsókn í sveitarfélagið 13 september. Forsetinn færði sveitarfélaginu við það tækifæri mynd frá opinberri heimsókn Ólafs

Ragnars Grímssonar fyrrum forseta, í Fljótsdal 25 september 1999. Sveitarfélagið afhenti forsetanum Fljótsdælu að gjöf. Sveitarstjórn þakkar heimsóknina og góð orð.

- b) Orkustofnun dags. 20.09 2018

Boðsbréf á sýninguna Íslenskur landbúnaður sem haldin verður í Reykjavík 12-14 október. Kynnt

- c) Íbúðalánasjóður dags. 11.09 2018

Sjóðurinn leitar eftir sveitarfélögum til þáttöku í tilraunaverkefni um uppbyggingu í húsnæðismálum á landsbyggðinni. Kynnt.

7. Umhverfisstyrkir

Eiríkur vék af fundi vegna vanhæfis

- a) Eiríkur og Matthildur , Arnheiðarstöðum

Samþykktur hámarksstyrkur

Eiríkur kom aftur til fundar

Lárus vék af fundi vegna vanhæfis

- b) Lárus og Sigríður, Droplaugarstöðum

Samþykktur hámarksstyrkur

Lárus kom aftur til fundar

8. Fjárbeiðnir

Skáksamband Austurlands . Samþykktur 10.000 kr.styrkur v. þáttöku í firmakeppni.

9. Fundargerðir

- a) CINE-Íslandshluti 24.09 2018. Kynnt.

- c) Brunavarnir á Austurlandi 25.09 2018. Kynnt.

- d) HAUST 12.09 2018. Kynnt.

- e) Starfshópur um endurskoðun fjallskilasamþykktar Múlasýslna 13.09 2018. Kynnt.

- f) Landbótasjóður 15.08 2018. Kynnt.

10. Önnur mál

- a) Rætt um viðhald á Végarði utanhúss, en talsverðar steypuskemmdir eru sjáanlegar.

- b) Umræða um að kaupa skúringarvél í Végarð. Hugmynd um að Búnaðarfélagið kaupi hana.

- c) Trúlega er komið að málningarviðhaldi á suðurhlið Laugafells.

- d) Á síðasta fundi var ákveðið að fresta afgreiðslu á beiðni fjallskilaneftndar um að sveitarfélagið greiði fyrir 2. göngu á Kiðafelli. Samþykkt nú eftir skýringar fjallskilastjóra , að sveitarstjórn greiði fyrir 2 dagsverk.
- e) Jón Ólafur Sigurðsson hefur verið skipaður varamaður Helga Bragasonar í stjórn Héraðsskjalasafnsins.
- a) Fjögur lömb fórust í skurði í safnhólfi á Valþjófsstaðanesi þegar fjársafn var þar í geymslu fram að Melarétt. Samþykkt að sveitarfélagið greiði bætur fyrir lömbin til eigenda , sem samsvarar tryggingabótum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:00

Lárus ritaði fundargerði í tölvu

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)